



Yfirlýsing vegna helstu
neikvæðu áhrifa
fjárfestingaákvæðana á
sjálfbærniþætti



Lífeyrissjóður
Rangæinga

TILGANGUR

Yfirlýsing þessari er ætlað að lýsa því hvernig eða hvort Lífeyrissjóður Rangæinga tekur tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 („SFDR“) hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lífeyrissjóði Rangæinga er skylt, skv. 1. mgr. 4. gr. SFDR, að birta á vefsíðum sínum uppfærðar upplýsingar um hvernig eða hvort tekið er tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana sjóðsins á sjálfbærniþætti.

YFIRLÝSING

Í samræmi við 4. gr. SFDR reglugerðarinnar upplýsir Lífeyrissjóður Rangæinga hér með að sjóðurinn tekur að svo stöddu ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti eins og þeir birtast í 4. gr. SFDR.

Ástæða þess er sú að núverandi stefna um ábyrgar fjárfestingar sjóðsins ásamt því vinnulagi sem sjóðurinn tileinkar sér er ásættanlegt og sniðið að fjárfestingarstefnu sjóðsins. Lífeyrissjóður Rangæinga mun fylgjast með þróun á eftirliti m.t.t. SFDR og annarra gildandi laga og reglugerða sem miða að UFS-þáttum.

SAMANTEKT Á EIGENDASTEFNU LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA

Lífeyrissjóður Rangæinga hefur að leiðarljósi við fjárfestingar að hámarka ávöxtun til langs tíma litið að teknu tilliti til áhættu. Sjóðurinn leggur áherslu á siðferðisleg gildi við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að fjárfestingarákvarðanir hans hafa áhrif á ólíka hagsmunaaðila og samfélagið í heild sinni.

Hluthafastefna sjóðsins á fyrst og fremst við um skráðar innlendar fjárfestingar þar sem sjóðurinn fer með verulegan eignarhlut, þ.e. þar sem sjóðurinn á 5% eða hærra beinan eignarhlut í einstöku félagi, þar sem sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags, eða þar sem eignarhlutur er 1% eða meira af heildareignum lífeyrissjóðsins. Hluthafastefna sjóðsins, sem er aðgengileg á heimasíðu sjóðsins, snertir meðal annars á þeim samkeppnissjónarmiðum sem sjóðurinn leggur áherslu á, lýsingu á vali og kröfum til stjórnarmanna og hvernig sjóðurinn fer yfir tillögur sem lagðar eru fyrir hlutafafundi félaga sem sjóðurinn fer með eignarhlut í.

Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins fer með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum félaga sem falla undir stefnu þessa nema stjórn sjóðsins ákveði annað. Framkvæmdastjóri hefur heimild til að veita öðrum aðila umboð til að fara með atkvæðisrétt sjóðsins og gefur honum jafnframt upplýsingar um hvernig fara eigi með atkvæði sjóðsins á hluthafafundi.

Hluthafastefna sjóðsins, sem er aðgengileg á heimasíðu sjóðsins, snertir meðal annars á samkeppnissjónarmiðum, hvernig atkvæðagreiðslu á hluthafafundum er háttað, val og kröfur til stjórnarmanna og samskipti við stjórnarmenn sem félagið fer með eignarhlut í. Einnig er gerð krafa um að starfskjarastefna félaga sem sjóðurinn fer með eignarhlut í uppfylli hlutafélagalög og taki mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eftir því sem við á.

FYLGNI VIÐ ALÞJÓÐLEGA STAÐLA

Almennt gerir sjóðurinn kröfu um eignastýringaraðili sjóðsins sé aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) og horfi því til umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat og ákvarðanir á fjárfestingum. Einnig horfir sjóðurinn til alþjóðlegra meginreglna Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð (UN Global Compact) í fjárfestingum sínum.

Útgáfa 1.0

Maí 2024